





Fjarðabyggð, 24.11.2017
Tilvísun 1711151/0

Gróður á lóðamörkum

Fagur og fjölbreyttur gróður feugar umhverfi bæja og sveita í Fjarðabyggð. Tré og runnar mynda skjól í gördum sem og stærri svæðum. En gróðurinn vex með hverju árinu og í því samhengi er vert að hugsa til þess að umferð um gangstéttir og götur bæjarins þarf að vera greið öllum stundum, fyrir gangandi, hjóland eða akandi vegfarendur.



Mynd 1. Gott að hugsa lóðamörk eins og kassa er teigir sig upp á við (Mynd fengin af vef Garðabæjar).



Mynd 2. Hæð gróðurs við lóðamörk út að gangbrautum og vegum (Mynd fengin af vef Reykjavíkurborgar).

Samkvæmt byggingareglugerðum nr. 112/2012 marka lóðir og lóðamörk þann reit sem lóðarhafi hefur til nýtingar. Gott er að hugsa lóðamörkin eins og kassa upp í loft eins og sjá má á mynd 1. Mikilvægt er að virða reglur um lóðamörk og gæta þess að gróður vaxi ekki út fyrir þau.

Það sem getur gerst ef gróður vex utan lóðamarka er m.a. hindruð sýn á umferðamerkingar og útsýni, torvelt aðgengi á gönguleið einnig sem greinar trjáa geta slegist í vegfarendur. Viðmið á hæð gróðurs sem teygir sig utan lóðamarka er 2,8 metra hæð yfir gangstéttum og stígum og yfir götum 4,2 metrar, sjá mynd 2.

Snyrtingu trjáa og runna er gott að framkvæma á veturna, á meðan rætur eru í dvala. Haga skal klippingu gróðurs þannig að vöxtur þeirra sé ávallt innan lóðamarka samkvæmt því sem lýst er á mynd 2.

Anna Berg Samúelsdóttir
Umhverfisstjóri